

# Samfélagsábyrgð VÍS

VÍS er traust, leiðandi og framsækið þjónustufyrirtæki sem veitir viðskiptavinum viðeigandi váttryggingavernd og stuðlar að öryggi í samfélaginu með öflugum forvörnum. Hjá okkur snúast tryggingar um fólk.

Með stefnu um samfélagsábyrgð leitast VÍS við að starfsemi þess og þjónusta stuðli að sameiginlegum ávinningi fyrir samfélagið, umhverfið og eigendur félagsins.

Samfélagsábyrgð VÍS byggir á sex meginstoðum; forvörnum, samstarfsaðilum, stjórnhættum, mannauði, umhverfi og samfélagi.



## Forvarnir

Forvarnir eru hluti af fyrirtækjamenningu VÍS og mikilvægur hlekkur í starfsemi þess. Forvarnarstarf félagsins hefur þann tilgang að fækka slysum og tjónum meðal viðskiptavina og í samfélaginu í heild. Allir starfsmenn VÍS eru forvarnarfulltrúar.

## Samstarfsaðilar

VÍS gerir kröfur um að samstarfsaðilar félagsins hagi starfsemi sinni á samfélagslega ábyrgan hátt á sviði umhverfis- og öryggismála.

## Stjórnarhættir

VÍS framfylgir góðum stjórnarhættum og fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í mars 2012. Þessi rammi tryggir upplýsingagjöf, gagnsæi og eykur ábyrgð félagsins og starfsmanna þess.

## Mannauður

Það er markmið VÍS að tryggja jafnrétti þannig að hver og einn starfsmaður sé metinn að verðleikum óháð kyni. Með virkri jafnréttisáætlun er stuðlað að því að félagið nýti sér hæfileika og færni allra starfsmanna sinna á sem bestan hátt. VÍS er aðili að jafnréttissáttmála UN Women og UN Global Compact. Í því felst að VÍS skuldbindur sig siðferðislega til að vinna að jafnréttismálum, hafa frumkvæði í þeim og sýna samfélagsábyrgð.

## Umhverfi

VÍS leggur áherslu á að starfsemi félagsins stuðli að sem minnstri mengun, hreinni náttúru og förgun úrgangs í kjölfar tjóna á sem umhverfissvænastan máta.

## Samfélag

Það er stefna VÍS að styðja og styrkja verkefni sem til heilla horfa fyrir land og þjóð. Þannig ber félagið ábyrgðina með viðskiptavinum sínum. VÍS styrkir fjölmörg líknafélög, íþróttafélög og menningarstarf. Megináherslur eru á verkefni sem hafa forvarnarlegt gildi.